



Unnið af Puru B. Hreinsdóttur,
hjúkrunardeildarstjóra í maí 2017

HVE/rmbæk70
Maí 2017

HVE Akranesi
Sími 432 1000, fax 432 1001
www.hve.is

VELKOMIN Á BIÐDEILD HVE AKRANESI



Þagnarskylda

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundnir þagnarskyldu og fara með málefni skjólstæðinga af fyllsta trúnaði. Við viljum biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyrið um aðra á deildinni.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Akranesi

Sími 432 1000, fax 432 1001
www.hve.is

Velkomin á biðdeild HVE á Akranesi

Í þessum bæklingi eru upplýsingar um starfsemi deildarinnar og um þjónustu sem tengist henni. Við sem störfum á deildinni vonum að þú og fjölskylda þín eigir sem besta dvöl hjá okkur. Við erum ávallt tilbúin að ræða málin eða svara spurningum sem vakna.

Á Biðdeild HVE eru alls 15 rými ætluð öldruðum einstaklingum sem lokið hafa endurhæfingu og meðferð á deildum Landspítala, þar með talið öldrunarlækninga-deildum og bíða eftir að flytja á hjúkrunarheimili.

Við erum með 6 einbýli, 3 tvíbýli og 1 fjölbýli. Niðurröðun er í höndum hjúkrunarfólks og metið með tilliti til þarfa einstaklinganna.

Deildarstjóri er Pura B. Hreinsdóttir hjúkrunarfræðingur. Hún er við störf kl. 08:00—16:00 alla virka daga. Sími 432 1137. Netfang thura.hreinsdottir@hve.is

Símanúmer deildarinnar 432 1135 og 432 1136.

Sjúklingasími þráðlaus 858 1262.

Heimsóknartímar

Heppilegasti tíminn til heimsókna er milli kl. 15:00—21:00 en heimsóknir eru einnig leyfilegar utan þess tíma í samráði við starfsfólk. Vinsamlega sýnið öðrum sjúklingum á fjölbýli tillitssemi.

Starfsemi deildarinnar

Meginhlutverk deildarinnar er að veita umönnun og viðhalda heilsu, færni og vellíðan aldraðra.

Markmiðið er að viðhalda hæfni einstaklingsins til þess að takast á við athafnir daglegs lífs og/eða auka líkamlega, andlega og félagslega færni þeirra. Lögð er áhersla á að fá góða

yfirsýn yfir aðstæður hvers og eins og reynt að leita úrlausna og efla vellíðan í samvinnu við einstaklinginn og fjölskyldu hans.

Teymisvinna

Ýmsir fagaðilar koma að meðferð sjúklingsins, svo sem hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, læknar, sjúkráþjálfarar, næringarráðgjafi. Farið er yfir stöðu hvers sjúklings á vikulegum fundum.

Fjölskyldufundir

Fjölskyldufundir eru haldnir eftir þörfum. Starfsfólkið leggur áherslu á góð tengsl við aðstandendur og eru þeir hvattir til að ræða við lækni og hjúkrunarfræðing um meðferð og líðan hins aldraða.

Fatnaður og persónulegir munir

Sjúklingar hafa með sér snyrtidót og fatnað að undanskildum nærfatnaði sem deildin leggur til.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum sem sjúklingur eða aðstandendur hafa meðferðis.

Ef sjúklingar hafa með sér GSM síma eru þeir beðnir um að slökva á þeim milli kl. 22 á kvöldin til 8 á morgnana.

HVE Akranesi er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklunga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.